

- f. Skráðum bændum skal heimilt að halda hunda án gjalds og einnig er heimilt að skrá viðurkennda veiðihunda án gjalds.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal honum komið fyrir, sé um að ræða minni háttar brot í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekuð brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds. Sveitarstjórn er heimilt hvenær sem er að afurkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

### 3. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Egilsstaðahrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að gilda í eitt ár til reynslu og skal þá endurskoðuð.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. apríl 1975.*

F. h. r.

**Jón Ingimarsson.**

*Pórunn Klemenzdóttir.*

## AUGLÝSING

**um skiptingu kennslustunda milli námsgreina í 1.—9. bekk skólaárið 1975—1976.**

1. Auglýsing þessi tilgreinir þann ramma sem miða skal við þegar stundaskrá nemenda í 1.—9. bekk skólaárið 1975—1976 er ákveðin. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 124 frá 5. apríl 1974.
2. Neðangreindur stundaskrárramma tiltekur það meðaltal kennslustunda sem hver nemandi skal fá á viku hverri. Undantekning frá þessu er þó neðsta lína töflunnar, „Kennarastundir til ráðstöfunar“, sbr. 3. lið.
3. Auk þeirra nemendastunda sem stundaskrárramminn tilgreinir fær skóli **kennarastundir til ráðstöfunar** sem svarar einni vikustund á hverja 25 nemendur. Þessar stundir má skóli nota m. a. til þess að skipta bekkjardeild í kennslu eða til viðbótarnáms án þess að föst stundaskrá nemenda lengist fyrir vikið. Heimilt er skóla að flytja umræddar kennarastundir milli bekkja ef ástæða er talin til.
4. Um frávik frá því sem tilgreint er í stundaskrárrammanum gilda ákvæði Námskrár fyrir nemendur á fræðsluskyldualdri, útg. af menntamálaráðuneytinu 1960. Auk þess getur menntamálaráðuneytið veitt sérstakar undanþágur eða fráviksheimildir ef rökstuddar óskir berast um slíkt.

## Skipting stundaskrár.

Námsgreinar	Bekkur								9. lands- próf	9. aðrar deildir
	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.		
Móðurmál (þ. á m. lestur og skrift) . . . . .	10	10	10	9	9	8	6	5	6	5
Stærðfræði . . . . .	4	4	4	4	5	5	5	5	6	4
Áttthagafræði . . . . .	3	4	4							
Kristin fræði . . . . .			1	2	2	2	2			
Saga, félagsfræði og landafræði . . . . .				4	3	3	4	4	4	3
Líffræði, edlis- og efnafræði . . . . .				2	3	3	4	4	6	3
Danska . . . . .				3	3	3	3	4	5	3
Enska . . . . .						3	4	4	5	4
Tónmennt . . . . .	1	1	1	1	1	1	1	1		
Mynd- og handmennt . . . . .			3—4	4	4	4	4	4		4
Heimilisfræði <sup>1)</sup> . . . . .							1—4	0—4		
Íþróttir <sup>2)</sup> . . . . .	2	2	2	2	3	3	3	3	3	3
Valgreinar <sup>3)</sup> . . . . .								3	2	8
Vikulegar kennslustundir/nemenda . . . . .	20	21	25	31	33	35	37	37	37	37
Vikulegar kennslustundir í mínútum . . . . .	800	840	1 000	1 240	1 320	1 400	1 480	1 480	1 480	1 480
Kennarastundir til ráðstöfunar . . . . .	1	1	1	1	1	1	1	1		

- Skýringar: 1) Heimilisfræði og sund eru ekki meðtalin í summunni nema lágmarkstími í heimilisfræðum.  
 2) Við tilgreinda íþróttatíma bætist sund.  
 3) Upplýsingar um valgreinar í 9. bekk fylgja námsskrá 7., 8. og 9. bekkjar.

*Menntamálaráðuneytið, 25. apríl 1975.*

**Vilhjálmur Hjálmarsson.**

*Birgir Thorlacius.*